

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2006



Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1856-1940

Reykjavík, febrúar 2007

Ársskýrsla Kvinnasögusafns Íslands 2006

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Emilía Sigmarsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Kristín Ástgeirsdóttir

Kvinnasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@bok.hi.is
Veffang: <http://www.kvinnasogusafn.is>

Ársreikningur 2006:

Fjárlög, rekstrarstyrkur	2.942.128
Menntamálaráðuneyti, styrkur	1.400.000
Reykjavíkurborg, styrkur	600.000
Félagsmálaráðuneyti: minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur	3.000.000
Menntamálaráðuneyti, styrkur v. Qhist08 ¹⁾	100.000
Qhist06, (afgangur fluttur til Íslands)	305.255
Sala bóka	<u>14.600</u>
Samtals:	8.361.983
Laun og launatengd gjöld	4.421.995
Laun stjórnarnefndar	241.764
Annar rekstrarkostnaður	<u>697.683</u>
Samtals:	5.361.442
Fjármagstekjur	532.248
Hagnaður/tap af reglulegum rekstri	3.532.789

1) Ráðstefna norræna kvensagnfræðinga sem haldin verður í Reykjavík sumarið 2008.

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a.ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Stjórnarnefndin hittist að jafnaði mánaðarlega að undanskildum sumarleyfum. Stefanía M. Pétursdóttir og Sigríður Th. Erlendsdóttir gengu úr nefndinni um miðjan maí 2005 og eftir það skipuðu hana:

Emilía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns

Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum

Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðumanns um mitt ár 2001.

Forstöðumaður er eini fasti starfsmaður safnsins.

Almennt um starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit en einnig annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá. Í gestabók rituðu 125 einstaklingar nafn sitt á árinu 2006.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.

- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum forstöðumanns sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðumanns: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun.

Árið 2006 var safnið opið daglega milli kl. 10-15 en forstöðumaður hafði lengri viðveru. Safnið var lokað vegna sumarleyfis forstöðumanns 1/6—19/6 og aftur 17/7 — 31/7.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðumaður sótti námskeið í vefsíðugerð hjá Tölvuskólanum Þekkingu.

Forstöðumaður sótti tvo fundi sem NIKK boðaði til handa forstöðumönnum kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndunum. Var sá fyrri haldinn í Gautaborg í apríl og sá síðari í Osló í nóvember. Forstöðumaður nýtti styrk sinn frá Letterstedtska sjóðnum í fyrri ferðina, kr. 42.000.

Forstöðumaður sótti ótal fundi og aðra viðburði á vegum kvennasamtaka og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Þá sótti hann einnig Söguþingið 2006.

Viðburðir

Kvennasögugangan 19. júní



Kvennasögusafn Íslands hafði forgöngu að kvennasögugöngu á hátíðisdegi íslenskra kvenna þann 19. júní, svo sem verið hefur undanfarin ár. Að þessu sinni var safnast saman í aðalbyggingu Háskóla Íslands og gengið þaðan um Þingholtin undir leiðsögn Kristínar Ástgeirsdóttur, sagnfræðings. Forstöðumaður hafði tekið saman upplýsingar um konur sem byggðu Þingholtin og var þeim dreift í göngunni. Þær voru einnig aðgengilegar á heimasíðu safnsins og geta áhugasamir nú nálgast kvennasöguslóðir í Kvosinni og kvennasöguslóðir um Þingholtin. Gangan endaði að venju í veglegu kaffisamsæti að Hallveigarstöðum þar sem Kvenréttindafélag Íslands gekkst fyrir dagskrá í tilefni dagsins.

Gangan var mjög fjölsótt að venju og vakti athygli allra fjölmiðla.

Bríetarþing



Þann 27. september 2006 voru liðin 150 ár frá fæðingu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur (1856-1940). Til þess að minnast þessa efndu Kvennasögusafn Íslands, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum og Kvenréttindafélag Íslands til opins málfings 29. september undir yfirskriftinni „Arfur Bríetar 150 árum síðar“. Félagsmálaráðuneytið styrkti þingið, svo og menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands. Það var haldið í hátíðarsal Háskóla Íslands og var fjölsótt. Málfingsstjóri var Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur. Dagskráin var sem hér segir:

Ávarp: Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands

Ávarp: Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra

Sigríður Th. Erlendsdóttir, sagnfræðingur: „Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Ævi og störf.“

Kvennablaðið. Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona las

Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður KRFÍ: „Bríet og kvennabaráttan. Kvenréttindafélag Íslands í 99 ár.“

Þorgerður Einarsdóttir, dósent: „Þær heimtuðu hærra kaup..“ — Lærum af Bríeti

„Kvennaslagur“. Sesselja Kristjánsdóttir söngkona

Auður Styrkárssdóttir, forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands: „Minn glaðasti ævitími.“

Bríet og alþjóðabaráttan fyrir kosningarétti kvenna

Úr bréfum Bríetar. Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona las

Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur: „Með hreinni hvatir og sterkari siðgæðistilfinningar.“

Velferð og feminismi innan íslenskrar kvennahreyfingar

Þið þekkið fold með blíðri brá. Sesselja Kristjánsdóttir söngkona.

Lesbók Morgunblaðsins heiðraði minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur með þeim hætti að blaðið birti 23. september grein eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur um ævi og störf Bríetar og sagði frá efni annarra málflytjenda á þinginu. Forstöðumaður Kvennasögusafns skrifaði grein

Í *Morgunblaðið* er birtist 28. september þar sem sagði stuttlega frá baráttu og bakgrunni Bríetar og fyrirhuguðu málþingi.

Kvöldvakan

Kvöldvökuna hélt Kvennasögusafn að þessu sinni 5. desember með Kvenréttindafélagi Íslands í sal Hallveigarstaða undir yfirskriftinni „Kvenréttindi um aldamót“. Dagskráin var á þessa leið:

Ávarp: Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður KRFÍ

„Matthías Jochumson og kvenréttindi“. Þórunn Erlu Valdimarsdóttir las úr bók sinni *Upp á sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar*, er út kom í nóvember. Matthías studdi réttindi kvenna og orti m.a. kvæðið „Fullrétti kvenna“ þar sem þessari setningu bregður fyrir: „Ó, mannheimur, karlheimur, blygðastu þín!“

„Ólafía“. Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona las úr bók Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur um Ólafju Jóhannsdóttur sem út kom í nóvember. Ólafía var mjög áberandi í kvenréttindamálum á Íslandi fram til 1903 er hún flutti af landi brott og hóf að líkna mestu smælingjum Oslóborgar.

„Hannes Hafstein og Bríet Bjarnhéðinsdóttir“. Auður Styrkársoóttir, forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands flutti erindi um þau Hannesi Hafstein og Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, en leiðir þeirra lágu víða saman og þau voru sammála um margt, en möguleikar þeirra voru gjörólíkir.

Kvöldvakan tókst vel að venju. Kaffi og piparkökur voru á boðstólum og efnt var til veglegs happdrættis.

Útgáfumál, fræðiskrif og rannsóknir



Breskur lögregluþjónn gætir barna meðan mæðurnar kjósa árið 1924.



Svissneskt merki sem mátti líma á bréf. Þarlandar konur fengu ekki kosningarétt fyrir en árið

1971.

Forstöðumaður skrifaði grein í rit til að minnast 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna í Evrópu. Ritið kom út í lok nóvember og ber heitið *Mit Macht zur Wahl. 100 Jahre Frauenwahlrecht in Europa*. Þar birtast greinar um baráttuna fyrir kosningarétti í 22 Evrópulöndum ásamt heimildalistum. Hver grein er prýdd góðum ljósmyndum og er ritið því hið eigulegasta. Ritið, sem er 278 bls. að lengd, er sýningarskrá samnefndar sýningar sem Frauenmuseum í Bonn opnaði 3. desember. Sýningin mun standa fram í apríl en fara síðan til Árósa í Danmörku. Greinina skrifaði forstöðumaður á ensku og setti einnig á vef Kvennasögusafns.

Í sambandi við greinaskrifin og útgáfu ritsins gekkst forstöðumaður fyrir því að leita á vefnum að ljósmyndum af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur í tengslum við alþjóðasamtökin IWSA (International Women Suffrage Alliance). Ljósmyndir fundust í safni Carrie Chapman Catt í Bandaríkjunum og keypti forstöðumaður 2 ljósmyndir.

Eftirfarandi fræðigreinar forstöðumanns birtust árið 2006:

‘Wahlrecht mit einem Haken: Der bemerkenswerte Fall Islands’ í *Mit Macht zur Wahl. 100 Jahre Frauenwahlrecht in Europa*, Frauenmuseum, Bonn, bls. 28-37

‘Ólafía. Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur’. Bókarhöfundur: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. *Ritdómur* í ‘Stjórnmal og stjórnsýsla – vefrit’ (<http://www.stjornmalogstjornsysla.is>)

‘Hannes Hafstein og kvennabaráttan’ í *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns*, 10 (2006), ritstj. Ögmundur Helgason, bls. 9-17

‘Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein. Bókarhöfundur: Guðjón Friðriksson. *Ritdómur* í ‘Stjórnmal og stjórnsýsla – vefrit’ (<http://www.stjornmal ogstjornsysla.is>)

Kynningarmál

Forstöðumaður kom fram í eftirfarandi fjölmiðlum á árinu sem slíkur:

17. janúar í *NFS* vegna prófkjörsúrslita í Garðabæ

28. september í *Morgunblaðinu* vegna Bríetarþings 29. september

28. september í útvarpsþættinum *Víðsjá* (RUV) vegna Bríetarþings

Forstöðumaður kynnti Kvennasögusafn og starfsemi þess á fundi eldri borgara í Neskirkju 15. nóvember þar sem líflegar umræður spunnust og hefur þegar skilað skjölum til safnsins. Forstöðumaður flutti erindi um Kvennasögusafn Íslands á landsþingi Kvenfélagasambands Íslands á Akureyri 23. júní, sem síðar birtist í *Húsfreyjuni*, 4. tbl. 2006.

Sérverkefni

Á árinu lagði forstöðumaður sem fyrr áherslu á fræðslustarfsemi safnsins, einkum gegnum veraldarvefinn. Þar hefur forstöðumaður sett upp skrá um allar íslenskar konur sem lokið hafa doktorsprófi. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Önnu Höllu Björgvinsdóttur, starfsmann á þjóðdeild Landsbóksafns Íslands. Einnig er að finna á vefnum nokkra heimildalista úr sögu íslenskra kvenna og þættir úr íslenskri kvennasögu og gögn þeirra kvenfélaga sem Kvennasögusafn Íslands varðveitir eru aðgengileg frá heimasíðu safnsins. Forstöðumaður vinnur að því að skrá sögu hinnar svokölluðu Nýju kvennahreyfingar á vefinn og bætti nokkru við á árinu. Þá hefur forstöðumaður sett upp sögu kosningaréttar kvenna á vefinn og aðgerðum kvennasamtaka á árinu 2005 eru gerð skil.

Forstöðumaður sendir kennurum á sviði kynjafræða við H.Í. reglulega rafrænt efnisyfirlit tímarita á sviði kvennafræða sem Landsbókasafn kaupir og vekur athygli þeirra á rafrænum aðgangi tímarita.

Fyrir tilstilli VESTNORD-verkefnisins í Landsbókasafni Íslands—Háskólabókasafni má nú lesa á veraldarvefnum (<http://www.timarit.is>) Ársrit *Hins íslenska kvennfjelags* (1895-99), *Kvennablaðið* er Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út, blaðið *Framsókn* sem gefið var út á Seyðisfirði og í Reykjavík, 19. júní (1917-1929) og blaðið *Forvitin rauð* sem Rauðsokkahreyfingin gaf út.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK hefur öðru hvoru kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til fræðslufunda og voru tveir slíkir haldnir á árinu, sá fyrri í Gautaborg í apríl og sá síðari í Osló í nóvember.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum. WINE tekur þátt í starfi ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe) sem stofnað var 1996 og tengir saman kvenna- og kynjasögukennslu í Evrópu og er styrkt af Sókratesáætlun Evrópusambandsins.

Á döfinni

Áfram verður unnið að því að miðla upplýsingum um sögu og stöðu íslenskra kvenna, einkum gegnum veraldarvefinn og mun forstöðumaður leggja á það mikla áherslu á árinu 2007. Fyrirspurnir erlendis frá, einkum varðandi Kvennafrídaginn, er forstöðumanni hvatning til þess að byggja upp samhliða vef á enskri tungu.

Annað viðamikið verkefni safnsins á árinu 2007 verður að vinna að gerð minningarreits um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og íslenska kvannahreyfingu. Það verkefni fól félagsmálaráðherra safninu og er áformað að minningarreitinn verði afhjúpaður þann 19. júní 2007. Þessi vinna fer fram í nánú samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, enda land það sem ætlað er undir reitinn, Þingholtsstræti 9, land borgarinnar. Reykjavíkurborg veitti þremur milljónum króna á fjárlögum fyrir árið 2007 til minningarreitsins, en það er jafn há fjárhæð og félagsmálaráðuneytið veitti til verksins.

Forstöðumaður tók sæti í undirbúningsnefnd vegna norrænnar ráðstefnu kvensagnfræðinga sem haldin verður í Reykjavík sumarið 2008.

Forstöðumaður tók sæti í ritnefnd um æviskrár íslenskra kvenna sem Sögufélagið hafði frumkvæði að, en áformað er að bæði Kvennasögusafn Íslands og Sögufélagið standi að útgáfu rits með æviskrám íslenskra kvenna. Leitað verður styrkja til verksins.

Aðföng 2006

Talsvert magn bæklinga og fréttabréfa berst safninu og er það efni til notkunar í rými safnsins á 4. hæð í Þjóðarbókhöllu. Fjárveiting leyfir ekki bóka- eða tímaritakaup en árlega berast safninu einhver gjafaeintök.

Forstöðumaður leggur árlega fram nokkrar beiðnir um bókakaup til Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns og er þeim beiðnum vel sinnt.

Árið 2006 var eftirfarandi skráð í aðföng Kvennasögusafns Íslands:

I. Handrit:

- 25. janúar** Fjórar stjórnarkonur og einn fyrrverandi í Kristniboðsfélagi kvenna afhentu gögn félagsins: Ingibjörg Ingvarsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Emilía Guðjónsdóttir, Elín Ellertsdóttir og Lilja G. Kristjánsdóttir. Félagið hefur starfað óslitið frá árinu 1904. Samtals eru þetta 22 fundargerðabækur, ein bók með færslum um minningagjafir ásamt bréfum og öðru efni.
- 2. mars** Svala Jónsdóttir afhenti fundargerðabók Kvennalistsins í Reykjanesi 1996-2000.
- 14. júní** Um hendur Elísu Jónsdóttur bárust gögn Kvenfélags Hreyfils (st. 1968) sem nú hefur verið lagt niður. Um er að ræða fundargerðabækur og bréfasafn ásamt útskorinni gestabók.
- 21. júní** Helga Guðmundsdóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands, ásamt stjórn sambandsins afhenti Kvennasögusafni „til varðveislu og umsjár fundargerðabækur og önnur skjöl og gögn Kvenfélagasambands Íslands og hluta af gögnum Kvennaheimilisins Hallveigarstaða fyrstu áratugi síðustu aldar”, eins og segir í gjafabréfi, undirritað af Helgu Guðmundsdóttur forseta KÍ og Sigurlaugu Garðarsdóttur Viborg varaforseta. Með fylgdi listi yfir gögnin.
- 26. júní** Þórey Kolbeins afhenti safninu eftirfarandi tengt foreldrum hennar, Halldóri Kolbeins og Láru Ólafsdóttur Kolbeins:
Kassi: Borðar af krönsum og samúðarkveðjur til minningar um Láru Kolbeins
Kassi: Borðar af krönsum og samúðarkveðjur til minningar um Halldór Kolbeins
Ljósmyndaalbúm, merkt Eyjafólk
Bók: Séra Halldór Kolbeins: Andlátsminning
Gestabók
Ljósmyndaalbúm, stórt
Nokkur skjöl tengd Láru, fullnaðarpróf, einkunnir úr Kvennaskólanum í Rvk., hugleiðingar Láru skrifaðar í Almanak um árið 1961

II. Annað

- 11. maí** Jóhann Guðmundsson gaf safninu 19 bækur eftir Helgu Sigurðardóttur, forstöðukonu Húsmæðrakennarskóla Íslands sem hann safnaði og batt inn sjálfur. Með gjöfinni fylgdi gjafabréf þar sem tekið er fram að bækurnar skuli varðveittar hjá Kvennasögusafni Íslands.
- 30. júní** Frá Hönnu R. Guttormsdóttur bárust nokkuð mörg tölublöð af ritinu *Matráðskonan*, blaði Félags matráðskvenna er fyrst kom út 1965.
- 28. júlí** Frá Valborgu Bentsdóttur bárust þrjár kassar af bókum eftir kvenhöfunda. Bækurnar voru settar í aðföng Landsbókasafns.
- 22. september** Frá Stefaníu M. Pétursdóttur barst *Nýtt kvennablað*, nær óslitið frá upphafi, í sæmilegu standi. Sett í aðföng Landsbókasafns.
- 17. október** Guðborg Jónsdóttir gefur safninu eintak af bókinni *För* sem hefur að geyma ljóð Helgu Bjargar Jónsdóttur frá Þorvaldsstöðum í Breiðdal með myndskreytingum systur hennar, Þóreyjar Jónsdóttur.